BLÁSKÓGABYGGÐ - HAUKADALUR 4 - BEYTING Á DEILISKIPULAGI



Deiliskipulag fyrir breytingu í mkv. 1:2.500



Deiliskipulag eftir breytingu í mkv. 1:2.500

1 GREINARGERÐ

Um er að ræða breytingu á deiliskipulagi ferðaþjónustusvæðis við Hótel Geysi og Geysisstofu, Haukadal 4 í Bláskógabyggð. Deiliskipulagið tók gildi 28.7.2009 og hafa verið gerðar nokkrar breytingar síðan, sú síðasta var staðfest 13.12.2018. Í breytingu sem gerð var 2017 var deiliskipulagssvæðið stækkað og náði til þriggja íbúðarlóða austan við Beiná. Í meðfylgjandi deiliskipulagsbreytingu er skipulagssvæðið stækkað enn frekar og nær nú til um 26 ha svæðis. Breytingin nær til alls deiliskipulagssvæðisins og skilmálar eru birtir í heild sinni, ásamt uppfærðri greinargerð.

1.1 Aðdragandi breytinga á deiliskipulagi og helstu áherslur:

Á undanförnum árum hefur staðið yfir uppbygging á Hótel Geysi, þar sem hótel hefur stækkað, gistiherbergjum fjölgað og þjónustumiðstöð stækkuð. Með auknum fjölda ferðamanna er aðkallandi að bæta þjónustuna enn frekar, en jafnframt að stýra betur umferð við svæðið og undirbúa það fyrir lokun þjóðvegarins á þessum kafla þegar færslu á þjóðveginum suður fyrir Almenningsá og Tungufljót verður lokið.

Árið 2016 tók gildi deiliskipulag fyrir hverasvæðið norðan við þjóðveginn og var það endurskoðað 2022. Í tengslum við fyrirhugaðar framkvæmdir á hverasvæðinu hefur Framkvæmdasýsla ríkisins staðið fyrir samstarfsvettvangi með aðkomu Umhverfisstofnunar, landeigenda, Vegagerðarinnar, Sveitarfélagsins Bláskógabyggðar, Skógræktarinnar, fulltrúa frá Umhverfisráðuneytinu, ferðamálafulltrúa Uppsveita og skipulagsráðgjafa beggja svæða, til þess að tryggja að stefnumörkun hvors svæðis fyrir sig haldist í hendur.

Innan hverasvæðisins norðan við þjóðveg er lögð áhersla á ósnortna náttúru og að gestir geti upplifað hverasvæðið án mikillar truflunar. Af þeim sökum er gert ráð fyrir bílastæðum, salernum, áhaldahúsi og aðstöðu fyrir landverði og annað starfsfólk á ferðaþjónustusvæðinu við Hótel Geysi og þjónustumiðstöð.

Auk þess að gera ráð fyrir nýjum bílastæðum fyrir hverasvæðið, er stefnt að því að fjarlægja núverandi bílastæði sem liggja norðan við þjónustumiðstöð og milli þjónustumiðstöðvar og hótels og byggja upp ný bílastæði sunnan við nýju bílastæðin vestast á reitnum. Með því að beina umferð frá þessu svæði og einnig frá hverasvæðinu, skapast möguleiki á öruggara flæði fólks milli þjónustumiðstöðvar og hverasvæðisins. Núverandi bensínafgreiðsla færist einnig og komið verður upp hleðslustöðvum fyrir rafbíla auk hefðbundinnar bensínafgreiðslu. Áhersla er lögð á blágrænar ofanvatnslausnir við bílastæðin og á milli þeirra eru grænir trjálundir sem ramma þau af og draga úr sýnileika þeirra frá aðliggjandi svæðum en þau verða aðgengileg frá nýjum aðkomuvegi.

Einnig stendur til að stækka þjónustumiðstöð, með viðbyggingu til suðurs og breyta útliti þjónustumiðstöðvar til samræmis við útlit nýja hótelsins. í þjónustumiðstöðinni verður almennum salernum fyrir ferðamenn fjölgað og þar verður einnig aðstaða fyrir starfsfólk Umhverfistofnunar sem sinnir landvörslu á hverasvæðinu, leiðsögumenn, bílstjóra o.fl. Geysisstofa, sem er sýning um hverasvæðið og miðhálendið, var opnuð árið 2000. Hún hefur verið lokuð um nokkurn tíma en áætlað er að endurbæta hana og opna að nýju. Núverandi íbúðarhús sunnan við þjónustumiðstöð er víkjandi. Nýtt íbúðarhús hefur verið reist á einni af þremur íbúðarlóðum austan við Beiná.

Í deiliskipulaginu frá 2009 var gistingu innan reitsins dreift á þrjá staði; á Hótel Geysi, smáhýsi og byggingarreit fyrir hótel/gistiheimili sunnan við smáhýsin. Breytingin gerir ráð fyrir að sameina allt gistipláss í Hótel Geysi. Smáhýsi eru því öll víkjandi og verða fjarlægð og byggingarreitur hótelbyggingar sunnan við smáhýsin leggst af og byggingarheimild flyst yfir á núverandi hótelbyggingu.

Breytingar hafa orðið á eignarhaldi á lóðum næst Haukadal 4 og er lóð L167102 3,5 ha nú hluti af deiliskipulagi hótelsvæðisins. Núverandi íbúðarhús þar, Suðurgafl, er víkjandi.

1.2 Gildandi aðalskipulag og verndarsvæði:

Nýtt endurskoðað aðalskipulag fyrir Bláskógabyggð var samþykkt 25.5.2018. Í því má finna nokkrar breytingar er varða hótelsvæðið og hverasvæðið og má þar helst nefna færslu á þjóðvegi suður fyrir Almenningsá.

Í Aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 er deiliskipulagssvæðið skilgreint sem verslunar- og þjónustusvæði VÞ21 og þar segir:

> *Á svæðinu er hótel, gistiheimili, veitingasala og minjagripaverslun. Einnig íbúðarhús, starfsmannahús og gestahús. Fyrirhuguð er frekari uppbygging á þjónustu á svæðinu, m.a. ný hótelbygging, íbúðarhús, starfsmannahús og stækkun bílastæða. Svæðið er deiliskipulagt. Stærð svæðis er um 32 ha.*

Nokkru sunnan við VÞ21 reitinn er Almenningur, svæði á náttúruminjaskrá.

> *Haukadalur og Almenningur, svæði 737 á náttúruminjaskrá. Svæðið afmarkast af Laugaá, Beiná, Almenningsá, Tungufljóti og skógræktkargirðingunni í Haukadal. Hverasvæðið við Geysi og Haukadalur eru vinsælt útivistarsvæði. Áhugaverðar jarðmyndanir, m.a. líparít í Laugarfelli og gamalt hverasvæði í Hvítamel. Almenningar er ósnortið mýrarsvæði, eitt af fáum slíkum á Suðurlandi.*

Svæðið norðan við VÞ21 reitinn, sjálft hverasvæðið, var friðlýsti 17. júní 2020. Umhverfisstofnun hefur umsjón með friðlýsta svæðinu og þar er í gildi deiliskipulag.

Í aðalskipulagi Bláskógabyggðar 2015-2027 er gert ráð fyrir færslu þjóðvegarins suður fyrir Almenningsá og Tungufljót. Þegar nýr þjóðvegur verður kominn er ráðgert að loka núverandi vegi á um 300 m kafla, milli aðkomu vestan við þjónustumiðstöð og aðkomu austan við Hótel Geysi. Þannig myndast frítt aðgengi gangandi vegfarenda milli hverasvæðisins og hótel- og þjónustusvæðisins.

Á núgildandi aðalskipulagsuppdrætti er ekki sýnd aðkoma að hótel- og þjónustusvæði að sunnan, frá nýrri legu þjóðvegar. Deiliskipulagsbreyting þessi mun þó gera ráð fyrir að síðar meir verði hægt að tengja núverandi og ný bílastæði með aðkomuvegi frá suðri og er hann sýndur ná út fyrir deiliskipulagsmörk á deiliskipulagsuppdrættinum.

1.3 Aðliggjandi svæði:

Deiliskipulagsáætlanir eru í gildi fyrir nokkra aðliggjandi reiti. Þann 7.4.2016 var samþykkt deiliskipulag fyrir hverasvæðið, en það var síðan friðlýst þann 17. júní 2020. Deiliskipulag tjaldsvæðis við Laugar var samþykkt 7.3.2013 og deiliskipulag íbúðarhúss í landi Haukadals II er frá 30.12.2003.

1.4 Núverandi aðstæður:

Svæðið sem stækkunin nær til og mun rúma ný bílastæði og áhaldahús, er lögbýlið Suðurgafl, sem nú er komið í eigu Hótel Geysis. Þar er auk íbúðarhúss nokkuð um trjágróður og lengra til suðurs er land að mestu óraskað með náttúrulegum sjálfsprottnum trjám. Þar sem gert er ráð fyrir stækkun byggingarreita við hótel og þjónustumiðstöð eru byggingar sem til stendur að fjarlægja. Við skipulagsgerðina árið 2009 gaf Umhverfisráðuneytið undanþágu frá fjarlægð mannvirkja að ám og vötnum á þeim forsendum að aðgengi almennings verði tryggt meðfram ánni og að mengunarhætta aukist ekki.

1.5 Fornminjar:

Engar friðlýstar fornminjar eru innan deiliskipulagsreits og ekki eru heldur fornminjar á hverfisvernd skv. aðalskráningu fornleifa sem gerð varð 2015. Fyrir liggja umsagnir minjavarðar Suðurlands frá fyrri

Bent skal á að í 21. gr. laga um menningarminjar nr. 80/2012 stendur m.a.: *Fornleifum sbr. 3. mgr. 3. gr., jafnt þeim sem eru friðlýstar sem þjóðminjar og þeim sem njóta friðunar í krafti aldurs, má enginn, hvorki landeigandi, ábúandi, framkvæmdaraðili né nokkur annar, spilla, granda eða breyta, hylgja, laga, aflaga eða flytja úr stað nema með leyfi Minjastofnunar Íslands*. Og á 2. mgr. 24. gr. sömu laga sem hljóðar svo: *Ef fornminjar sem áður voru ókunnar finnast við framkvæmd verks skal sá sem fyrir því stendur stöðva framkvæmd án tafar. Skal Minjastofnun Íslands láta framkvæma vettvangskönnun umsvifalaust svo skera megi úr um eðli og umfang fundarins. Stofnuninni er skylt að ákveða svo fljótt sem auðið er hvort verki megi fram halda og með hvaða skilmálum. Óheimilt er að halda framkvæmdum áfram nema með skriflegu leyfi Minjastofnunar Íslands.*

1.6 Aðkoma og bílastæði:

Deiliskipulagið gerir ráð fyrir að fyrst um sinn verði þjóðvegur óbreyttur í gegnum svæðið en að bílastæði norðan við þjónustumiðstöð og milli þjónustumiðstöðvar og hótels víkji og færist á suð-vestur hluta deiliskipulagssvæðisins. Þegar þjóðvegur hefur verið færður suður fyrir Almenningsá og Tungufljót, er gert ráð fyrir nýjum aðkomuvegi frá suðri að bílastæðum. Auk flutnings á bílastæðum er einnig gert ráð fyrir fjölgun bílastæða og aðstöðu fyrir rafhleðslu bíla. Áfram er gert ráð fyrir að rútur geti lagt milli Geysisstofu og hótels, en þær munu einnig flytjast sunnar með tilkomu nýs aðkomuvegar. Kvöð er um aðkomu að íbúðarhúsum, sjá uppdrátt.

1.7 Fráveitumál:

Nú þegar er búið að endurnýja rotþrær frá hóteli og þjónustumiðstöð. Áfram verður gert ráð fyrir rotþróm við íbúðarhús sunnan við Beiná. Við uppsetningu rotþróta og hreinsistöðva v/fráveitur skal fara skv. reglugerð um fráveitur og skólp nr.798/1999 og tilmælum Heilbrigðiseftirlits Suðurlands. Staðsetning fráveitulagna á uppdrætti er ónákvæm.

1.8 Hljóðvist:

Tryggt skal að ákvæði um 724/2008 um hávaða frá rekstri og skemmtanahaldi séu uppfyllt og að aðliggjandi íbúðarhús verði ekki fyrir ónæði. Þjónustumiðstöðin er opin á daginn og þar er ekki skemmtanahald á kvöldin eða nóttunni. Í hótelinu er veitingasalur og gestir geta setið í hótelgarðinum á góðviðrisdögum. Ekki er talið að hávaði frá hótelgarðinum hafi neikvæð áhrif á íbúðarhús sem eru austan við hótelbyggingu. Umferð er töluverð að Geysissvæðinu frá þjóðveginum og inn á svæðið. Hámarkshraði innan svæðisins er 30 km/klst og því er dregið verulega úr hávaða frá umferð.

1.9 Vatnsveita:

Kalt og heitt vatn kemur úr vatnsveitu Geysis. Dreifikista er sýnd á uppdrætti.

1.10 Gróður:

Kvöð er um gróður meðfram skipulagsreitnum að vestanverðu, á landamörkum Haukadals 4 og Haukadals 2. Einnig er kvöð um gróður á milli bílastæðasvæða, sjá nánar á uppdrætti.

1.11 Lýsing:

Heimilt er að lýsa upp götur, gangstíga og bílastæði. Hönnun lýsingar skal miða að því að vera lágstemmd og lampar þannig hannaðir og staðsettir að þeir lýsi ekki upp óviðkomandi umhverfi.

1.12 Lóð fyrir fjarskiptabúnað:

Lóð fyrir fjarskiptabúnað er 625 m² að stærð. Þar er þegar búið að reisa tækjahús og tvö möstur. Möstrin eru fyrir gsm-samband og örbylgjusamband og er hærra mastrið 16 m hátt. Fara skal eftir reglum um styrk rafsegulsbylgna skv. staðlaráði Íslands.

1.13 Þjónusta:

Brunavarnir Árnessýslu þjónusta slökkvistarf. Sorphirða skal vera í samræmi við reglugerð sveitarfélagsins hverju sinni.

1.14 Helstu breytingar:

Eftirfarandi breytingar eru gerðar á deiliskipulaginu:

- Deiliskipulagsreitur stækkar, verður 26 ha í stað 13 ha áður
- Lóðarmörk einstakra lóða breytast
- Byggingarreitur Hótels Geysis stækkar og öll herbergi innan deiliskipulagsreits flytjast þangað. Öll smáhýsi verða gerð víkjandi og byggingarreitur hótelbyggingar sunnan þeirra fjarlægður. Samanlagður herbergjafjöldi er óbreyttur.
- Byggingarreitur þjónustumiðstöðvar stækkar og íbúðarhús sem er þar, er víkjandi
- Bílastæði verða færð og þeim einnig fjölgað, þar sem hluti þeirra verður rafhleðslustæði
- Bensínafgreiðsla færist til suðurs
- Nýr byggingarreitur fyrir áhaldageymslu kemur syðst á skipulagssvæði á lóð Suðurgafls
- Aðkoma rúta breytist og færist en rútum verður áfram lagt á núverandi stæði norðan við smáhýsi.

2. BYGGINGARSKILMÁLAR EFTIR BREYTINGU:

2.1 Almennir skilmálar:

Öll hús skulu vera vönduð að gerð og byggð úr viðurkenndum byggingarefnum. Gæta skal samræmis í útliti húsa m.t.t. efnisvals, litar og byggingarforms innan hverrar húsaþyrpingar. Fjöldi hæða fyrir hvern byggingarreit er tilgreindur á uppdrætti. Að öðru leyti skulu byggingar vera í samræmi við gildandi skipulags- og byggingarreglugerð. Öll hús skulu vera innan afmarkaðs byggingareits.

2.2 Haukadalur 4, landnr. 213904

Lóð minnkar frá því sem nú er vegna stækkunar á hótellóð. Á lóðinni eru nú tvö íbúðarhús, ein vélaskemma og eitt sumarhús. Aðkoma að lóð er frá sameiginlegri aðkomu að Hótel Geysi og gisiheimilis við golfvöll. Vélaskemma verður óbreytt en eftirfarandi breytingar verða á sumarhúsi og íbúðarhúsum:

- Sumarhús nr. 14 er víkjandi
- Vélaskemma helst óbreytt, 364 m²
- Núv. íbúðarhús frá 1981. Heimilt er að stækka hús innan byggingarreits. Heildarbyggingarmagn húss er 600 m². Hús má vera á 2 hæðum auk kjallara, sem til suðurs er í sömu hæð og aðliggjandi land. Hámarkshæð í mæni frá aðalhæð er 8 m. Þakform og þakhalli er frjáls.
- Núv. íbúðarhús frá 2008 (áður sumarhús nr. 15). Heimilt er að stækka hús innan byggingarreits. Heildarbyggingarmagn húss er 600 m². Hús má vera á 2 hæðum auk kjallara, sem til suðurs er í sömu hæð og aðliggjandi land. Hámarkshæð í mæni frá aðalhæð er 8 m. Þakform og þakhalli er frjáls.

2.3 Haukadalur 4, Hótel Geysir. L228104

Lóð stækkar frá því sem nú er, til austurs og suðurs og stækkar byggingarreitur einnig, en á móti kemur að byggingarreitur staks hótels dettur út og smáhýsi víkja. Nú þegar er búið að endurbyggja og stækka hótelið og nýta hluta af gildandi byggingarheimild sem til staðar var úr fyrra deiliskipulagi.

- Hótel Geysir. Húsið er ætlað til hótelreksturs og getur rúmað allt að 162 herbergi, fundarsali, veitingasali og aðstöðu fyrir starfsfólk. Samanlagt byggingarmagn má vera allt að 19.000m² að flatarmáli. Mesta leyfilega mænishæð, mælt frá gólfplötu 1. hæðar að mæni er 12 m. Hámarks vegghæð húss mælt frá gólfplötu 1. hæðar er 9,5 m og hámarkshæð í mæni er 12 m. Allt útlit húss skal vera samræmt að útliti. Syðsti hluti byggingarreits stallast niður um eina hæð en er 2 hæðir og 2h kjallari, þar sem neðsta hæðin er í sömu hæð og aðliggjandi land til suðurs. Sjá nánar kennisnið.
- Núv. stök dvalarhús sunnan við hótel, sem eru tólf talsins, eru öll víkjandi. Tilsvarandi herbergjafjöldi yfirfærist á hótelbyggingu.

2.4 Haukadalur 4, þjónustumiðstöð. L167101

Um er að ræða þjónustumiðstöð með veitingaskála, minjagripaverslun, Geysisstofu, snyrtingum og aðstöðu fyrir landvörð, bílstjóra, leiðsögufólk o.fl. Til stendur að byggja við þjónustuhús til suðurs og breyta þakformi og útliti til samræmis við Hótel Geysi.

- Samanlagt byggingarmagn innan byggingarreits er 6.900 m². Hús má vera á tveimur hæðum og að hluta með kjallara, þar sem neðsta hæð er í sömu hæð og aðliggjandi land til suðurs. Hámarksvegghæð mót norðri er 6,8 m og hámarkshæð í mæni er 7,8 m mælt frá gólfplötu 1. hæðar í mæni. Þakform og þakhalli er frjáls. Sjá nánar kennisnið.
- Íbúðarhús á lóð L188738 er víkjandi og lóðin mun ganga aftur til upprunalands L167101.

2.5 Haukadalur 1, Suðurgafl. L167102:

Lóðin var áður utan skipulagsmarka en er nú í eigu Hótel Geysis. Á lóðinn er íbúðarhús og geymsla sem heimilt er að fjarlægja og fer hluti af lóðinni undir nýjan aðkomuveg og bílastæði.

- Núverandi íbúðarhús og geymsla eru víkjandi.
- Nýr byggingarreitur fyrir áhaldahús sem má vera 1.000 m² að stærð. Hámarkshæð í mæni mælt frá gólfplötu er 7 m. Hámarksvegghæð langhliða er 3,5 m og skulu 3 hliðar af fjórum huldar jarðvegsmön.

2.6 Haukadalur 4 (1/5), íbúðabyggð sunnan Beinár:

Um er að ræða 3 lóðir fyrir íbúðarhús, þar sem búið er að byggja á vestustu lóðinni. Austasta lóðin minnkar frá fyrra skipulagi.

- Heildarbyggingarmagn á hverri lóð er 450 m². Byggingarreitur er hafður rúmur svo velja megi sem hagstæðusta staðsetningu húsa, en innan hvers byggingarreits er heimilt að byggja íbúðarhús, bílgeymslu og skemmu. Gæta skal samræmis í útliti bygginga innan hvers byggingarreits m.t.t. efnisvals, litar og byggingarforms. Hús skulu vera á einni hæð. Mænishæð húsa er leyfileg allt að 6 m mælt frá uppgefinni hæð gólfplötu í mæni. Þakform og þakhalli er frjáls.

2.7 Haukadalur 4, lóð fyrir bensínstöð:

- Ný lóð fyrir bensíndælur og hleðslustöð. Innan lóðar er heimilt að setja upp hús fyrir tæknirými og annað fyrir spennistöð vegna rafbílahleðslu. Hámarksstærð hvors rýmis er 15 m² og hámarkshæð er 3m.

Deiliskipulagsbreyting þessi sem fengið hefur málsmeðferð skv. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 m.s.br. frá ________ til ________ var samþykkt í sveitarstjórn Bláskógabyggðar þann

____

Samþykkt deiliskipulagsbreytingarinnar var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda þann_______________________________________



Hluti úr aðalksipulagi Bláskógabyggðar 2015 - 2027 - ekki í kvarða

Tákn	*Skýringar*
	Mörk skipulagssvæðis
	Eignarmörk lands
	Lóðamörk
	Byggingarreitur hámark
	Núv. hús
	Víkjandi hús
000 m²	Lóðarstærð í fermetrum
2h	Hæðir húsa
00 p	Fjöldi bílastæða
	Umferðargata
	Gönguleið
	Gangbraut yfir umferðargötu
	Trjágróður, kvöð
	Trjágróður, til skýringar
	Ár, vötn og tjarnir
	Hverir
	Fráveita, hreinsivirki/rotþró
	Kvöð um aðkomu



Kennisnið í byggingarreit fyrir hótel í mkv. 1:1.000



Kennisnið í byggingarreit fyrir þjónustumiðstöð í mkv. 1:1.000



Kennisnið í byggingarreiti fyrir íbúðarhús á lóð L213904 í mkv. 1:1.000

Núverandi staða						Skilmálar		
Lóð	Landnúmer	stærð lóðar skv. fmr	stærð lóðar skv. skipu-lagi	Núv. starfsemi og fasteignir á lóð	núv. byggingarmagn í m²	Stærð lóðar í m²	Leyfilegt byggingarmagn í m²	skýring og kvaðir
Haukadalur 4, íbúðarlóð Sigg	L213904	14.000,0	9.968,4	2 íbúðarhús, 1 sumarhús og áhaldahús	868	8.279	1.564	Lóð minnkar og sumarhús næst hóteli er víkjandi. Heimild fyrir tveimur íbúðarhúsum, ásamt bílskúrum. Hvort um sig allt að 600 m². Núverandi stakk áhaldahús 364 m² óbreytt.
Haukadalur 4, Hótel Geysir	L228104	19.622,0		Hótellóð	9.383	28.855	19.000	Lóð stækkar. Heimild fyrir 162 herbergjum auk matsala, fundarsala, heilsulindar ofl.
Haukadalur 1 (2/3), Suðurgaf	L167102	63,3ha		Íbúðarhús, geymsla	140	34.997	1.000	Íbúðarhús víkjandi. Heimild fyrir áhaldahúsi.
Lóð Mílu	L189496	625,0		Tækjahús	9	625	15	L167101
Lóð fyrir bensínstöð				Ný lóð		2.200	30	Ný lóð fyrir bensínsölu og rafhleðslustöð. Innan lóðar er heimilt að koma fyrir tæknirými og spennistöð.
Haukadalur 4, (4/5) þjónustumiðstöð	L167101			Þjónustumiðstöð, 12 smáhýsi	3.341	46.669	6.700	Núv. Þjónustumiðstöð stækkar. Öll smáhýsi víkjandi. Íbúðarhús á lóð L188738 er víkjandi og lóðin mun sameinast Haukadal 4, L167101
Haukadalur 4A	L227337	9.653,0	9.652,0	Nýtt íbúðarhús	326	9.653	450	Nýtt íbúðarhús
Haukadalur 4B, ný lóð			7.546,0	Lóð skv. skipulagi		7.546	450	Ný lóð fyrir íbúðarhús
Haukadalur 4C, ný lóð			6.947,0	Lóð skv. skipulagi		4.290	450	Ný lóð fyrir íbúðarhús. Lóð minnkar

HEITI VERKS:

BLÁSKÓGABYGGÐ
HÓTEL GEYSIR OG HAUKADALUR 4

HEITI TEIKNINGAR:

DEILISKIPULAGSBREYTING
UPPDRÁTTUR OG GREINARGERÐ

VERKNR:	MKV:	TEIKNING NR:
214-025	1:1000 í A1	
TEIKNAÐ AF: sg	HANNAÐ AF: sg/oh	DAGS. TEIKN: 3. april 2023
YFIRLESTUR / UNDIRSKRIFT:		TEIKN. BREYTT:

LANDFORM
LANDSLAGSARKITEKTAR
Austurvegi 6 - 800 Selfoss
s: 482 4090
netf: landform@landform.is